Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Björn Björnsson

Bjarni Benediktsson – Björn Björnsso

# Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-6, Örk 1

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

TELEPHONE
HOLBORN 0401.

109. KINGSWAY,
LONDON, W.C.2.

þ. 12. 9. '39.

Kæri herra prófessor —

Mínar bestu þakkir fyrir hið vingjarnlega brjef yðar, skrifað í Kaupmannahöfn. Jeg gjet fullvissað yður um það, að mjer og fjölskyldu minni var sjerstök ánægja að fá tækifæri til að vera með yður og sjá yður á heimili okkar og mjer persónulega, að kynnast yður og gjeta ~~til~~ leiðbeint yður hjer, þennan stutta tíma er þjer dvölduð hjer.

Vona að koffortið hafi komið rjettil. til Víla.

Manchettskyrturnar sendi jeg með Guttormi en hann bíður enn í Hull. Birgir er í Belgíu og hefi jeg verið í skeytasambandi við hann og m.a. pantað handa honum far með Dettifoss, en veit ekki hvort hann nær honum.

Nú er þessi hrylliliga styrjöld að byrja og setur það allt hjer út um þúfur. Jeg held áfram hjer eitthvað fyrst um sinn, en óvíst allt, hvernig tekst að vinna undir þessum nýju kringumstæðum. Mun þó vitanl. gjöra mitt ýtrasta til, að halda hjer áfram. Var komin vel á gang, þetta því sjerst. óheppilegt.

Ef til vill verður stríðið til að opna augu íslendinga fyrir þeirri sjálfstæðiskröfu, að öll utanríkismál verði tekin í þeirra eigin hendur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem er <u>eina heilbrigða úrlausnin</u>!

Þjer þekkið tilfinningar mínar í þessa átt, og við, sem erum búsettir erlendis, finnum enn meira til ósjálfstæðis landsins og erum oftar minntir á það, en þið, sem eruð í faðmi fósturjarðarinnar.

Ekki meir um þetta, að svo stöddu, en jeg mun ótrauður halda áfram með að telja kjark í landann og reyna að auka ~~álit~~ álit þeirra og virðing fyrir fósturlandi og frelsi.

— " —

Jón Stefánsson er alltaf sá sami. Kemur hingað nær daglega og stundum heim líka. Er hann með allar mögulegar frásagnir, en þó mest um "Carolus" (Carl XII) og nú uppá síðkastið aumingja Barða Guðm. og uppruna Kenninga hans. Segist hafa sent próf. Guðm. Hannessyni í Rvík grein um málefnið þarsem teoría B. G. er gjörð hlægileg o. s. frv.

Sendi yður nokkrar myndir (2) af húsinu í Purley, tekið er þjer voruð þar, og hinir landarnir.

Vona að þjer hafið það gott og sjeuð hressir, eftir utanl. ferðina. — Látið mig vita, ef jeg get orðið yður að einhv. liði hjer.

Með bestu kveðjum frá fjölskyldunni og

yðar einl. Björn Björnsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur